

# Framhaldsaðalfundur Hörpu tónlistar – og ráðstefnuhúss ohf.

## FUNDARGERÐ

Framhaldsaðalfundur Hörpu var haldinn mánudaginn 11. september 2017  
og hófst kl. 16:00 í Björtuloftum.

### Mætt voru:

Guðfinna S. Bjarnadóttir - stjórnarformaður Hörpu  
Vilhjálmur Egilsson – stjórarmaður Hörpu  
Kjartan Ö. Ólafsson – stjórnamaður Hörpu  
Arna Schram – stjórnamaður Hörpu  
Sigurður H. Helgason – skrifstofustjóri hjá fjármála- og efnahagsráðuneyti  
Jón Gunnar Vilhelmsson – sérfræðingur hjá fjármála – og efnahagsráðuneyti  
Gísli Þór Magnússon - skrifstofustjóri mennta – og menningarmálaráðuneyti  
Ásta Magnúsdóttir – ráðuneytisstjóri mennta – og menningarmálaráðuneyti  
Stefán Eiríksson - borgarritari  
Birgir Björn Sigurjónsson - fjármálastjóri Reykjavíkurborgar  
Árni Geir Pálsson  
Birna Hafstein  
Þórður Sverrisson  
Svanhildur Konráðsdóttir - forstjóri Hörpu  
Auður Árnadóttir – starfsmaður Hörpu  
Karitas Kjartansdóttir – starfsmaður Hörpu  
Elva Dögg Melsteð – starfsmaður Hörpu  
Hrannar Hafsteinsson – starfsmaður Hörpu  
Sindri Már Hjartarsson – starfsmaður Hörpu  
Diljá Ámundardóttir – starfsmaður Hörpu  
Thelma Sigurðardóttir – starfsmaður Hörpu  
Hulda Kristín Magnúsdóttir – starfsmaður Hörpu

### Þetta gerðist:

#### 1. Fundarstjórn og fundarritun

Formaður stjórnar, Guðfinna S. Bjarnadóttir setti fundinn, bauð gesti velkomna, og lagði til að Kjartan Ö. Ólafsson, varaformaður stjórnar Hörpu tæki að sér fundarstjórn og Hulda Kristín Magnúsdóttir starfsmaður Hörpu ritaði fundargerð. Samþykkt.


#### 2. Könnun á lögmæti fundar

Til fundarins var boðað með tölvupósti þann 25. ágúst og auglýsingi í Fréttablaðinu þann 28. ágúst síðastliðinn. Af hálfu hluthafa mætti Sigurður H. Helgason með umboð frá fjármála- og efnahagsmálaráðherra (54%) og Stefán Eiríksson með umboð frá borgarstjóra (46%). Fundarstjóri kallaði eftir athugasemdu við boðun eða dagskrá fundarins. Engar athugasemdir komu fram og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan.

#### 3. Skýrsla stjórnar og ársreikningur Hörpu 2016

Formaður stjórnar og forstjóri fluttu skýrslur um starfsemina á síðasta ári. Forstjóri gerði grein fyrir niðurstöðum ársreiknings og helstu skýringum.

Ársreikningurinn sem stjórn hafði samþykkt og undirritað var staðfestur.



**4. Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.**

Stjórn lagði til að afkoma ársins yrði flutt yfir á næsta ár og að ekki yrði greiddur arður. Samþykkt.

**8. Kosning stjórnar**

Fyrir fundinum lá tillaga um 5 manna stjórn.

Tillagan var samþykkt og er stjórn þannig skipuð:

1. Þórður Sverrisson, formaður
2. Arna Schram
3. Árni Geir Pálsson
4. Birna Hafstein
5. Vilhjálmur Egilsson

**9. Kosning endurskoðanda**

Ríkisendurskoðun fer með endurskoðun reikninga félagsins, sbr. 6 grein laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun.

**10. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.**

Fyrir fundinum lá tillaga um að þóknun stjórnarmanna verði óbreytt. Tillaga samþykkt.

**11. Önnur mál**

Þórður Sverrisson kvaddi sér hljóðs, þakkaði það traust sem honum er sýnt með skipan sem formaður stjórar og kvaðst hann bjartsýnn á framtíð Hörpu.

Fundurinn fól fundarstjóra og fundarritara að ganga frá fundargerð aðalfundarins til birtingar á heimasíðu félagsins.

Fundi slitið kl 16:35.



Kjartan Ö. Ólafsson, fundarstjóri



Hulda Kristín Magnúsdóttir, fundarritari